





Tónlistarskóli Rangæinga

**Stór-afmælistónleikar í Hvolnum
föstudaginn 18. nóvember 2016**

Andri Ólafsson - jazzkontrabassi, Elín Ósk Óskarsdóttir - sópran, Péter Maté - píanó,
Glódís Margrét Guðmundsdóttir - píanó, Sara Mjöll Magnúsdóttir - jazzpíanó
ásamt kennurum Tónlistarskóla Rangæinga



www.tonrang.is



Forspil: **Lög úr Íslenska söngvasafninu**

Tónlist eftir: Ýmsir höfundar

Flytjendur: **Chrissie Telma Guðmundsdóttir, Guðjón Halldór Óskarsson
og Guðrún Markúsdóttir**

Ávarp - Ágúst Sigurðsson formaður skólanefndar Tónlistarskóla Rangæinga

Zigeunerweisen Op.20

Tónlist eftir: Pablo de Sarasate (1844-1908)

Flytjendur: **Chrissie Telma Guðmundsdóttir og Glódís Margrét Guðmundsdóttir**

Blómadúettinn úr óperunni Lakmé

Tónlist eftir: Leo Delibes

Flytjendur: **Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir, Marianna Másdóttir
og Guðjón Halldór Óskarsson**

Pagan piper

Tónlist eftir: Christopher Ball

Flytjandi: **Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir á tenórblökkflautu**

Tears in Heaven

Tónlist eftir: Eric Clapton

Útsetning: Laima Jakaite

Flytjendur: **Laima Jakaite, Jens Sigurðsson og Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir**

Freij - Gyðjusöngur til Chrissie

Tónlist eftir: Ragnheiður Erla 1993-

Flytjandi: **Chrissie Telma Guðmundsdóttir**

Bess you is my woman now úr söngleiknum Porgy and Bess

Tónlist eftir: G. Gerswinn

Flytjendur: **Ulle Hanhdorf og Guðjón Halldór Óskarsson**

Ég lít í anda liðna tíð

Tónlist eftir: Sigvalda Kaldalóns

Texti eftir: Höllu Eyjólfsdóttur

Vissi d'arte aría Toscu úr samnefndri óperu

Tónlist eftir: G. Puccini

Flytjendur: **Elín Ósk Óskarsdóttir og Peter Maté**



Tunglskinssónatan 1. kafli

Tónlist eftir: Ludwig von Beethoven

Flytjandi: **Glódís Margrét Guðmundsdóttir**

All of me

Tónlist eftir: Seymour and Gereale

Tico Tico

Tónlist eftir: Zequinha Abreu

Flytjendur: **Grétar Geirsson, Guðjón Halldór Óskarsson og Jens Sigurðsson**

Anthropology

Tónlist eftir: Charlie Parker í útsetningu Söru Mjallar Magnúsdóttur

Panda

Tónlist eftir: Söru Mjöll Magnúsdóttir

Flytjendur: **Andri Ólafsson, Skúli Gíslason og Sara Mjöll Magnúsdóttir**

Vandratað

Tónlist eftir: Moses Hightower

Texti eftir: Andra Ólafsson og Steingrím Karl Teague

Ástartöfrar

Tónlist og texti eftir: Valdimar Auðunsson

Flytjendur: **Andri Ólafsson, Sara Mjöll Magnúsdóttir og Skúli Gíslason**

It Don't Mean a Thing (If It Ain't Got That Swing)

Tónlist eftir: Duke Ellington

Flytjendur: **Skúli Gíslason, Sigurgeir Skafti Flosason, Þórunn Elfa Stefánsdóttir, Sara Mjöll Magnúsdóttir og Örlygur Benediktson**

Flytjendum eru færðar þakkir fyrir flutninginn og gestum fyrir komuna. Síðari afmælistónleikar skólans á 60 ára starfsafmælinu verða haldnir 1. maí. Þeir tónleikar eru tileinkaðir lengra komnum nemendum í hljóðfæraleik og rybmískri deild skólans.



Um flytjendur á tónleikunum

Gestir afmælistónleikanna - *gamli nemendur sem gerðu tónlistina að ævistarfi:*

Andri Ólafsson - jazzkontrabassi

Eftir að hafa undir lok síðustu aldar sinnt bústörfum í Stóru-Hildisey 2 af mjög litlum móð, en sinnt klarinett- og píanónámi ásamt kórsöng af þeim mun meiri áhuga við Tónlistarskóla Rangæinga, varð Andri Ólafsson sér úti um stúdentspróf frá M.H., burtfararpróf í djasskontrabassaleik frá Tónlistarskóla F.Í.H. og B.A. gráðu frá Conservatorium van Amsterdam.

Auk þess að leika á bassa, syngja, semja lög og texta og stýra upptökum með hljómsveitunum Moses Hightower og Secret Swing Society hefur hann komið fram og hljóðritað með mörgum af þekktustu tónlistarmönnum þjóðarinnar, útsett, stýrt upptökum og hljóðblandað. Hann var tónlistarstjóri í uppsetningu Þjóðleikhússins á Övitum árið 2013, þar sem Moses Hightower samdi lög og texta. Þar að auki hefur hann kennt tónlist og unnið hljóð fyrir sjónvarpsþætti.

Elín Ósk Óskarsdóttir - sópran

Elín Ósk er fædd og uppalin í Rangárvallarsýslu og hóf tónlistarnám sitt við Tónlistarskóla Rangæinga. Kennarara hennar þar voru Sigríður Sigurðardóttir og Friðrik Guðni Þórleifsson. Þá hélt hún til náms við Söngskólann í Reykjavík og lauk þaðan einsöngvaraprófi. Aðalkennari hennar var Þuríður Pálsdóttir söngkona. Elín Ósk stundaði framhaldsnám á Ítalíu og Englandi hjá Pier Miranda Ferraro og Ms. Gita Denise Vibyral. Eftir tveggja ára nám á Ítalíu var Elín Ósk kölluð heim til Íslands til að syngja titilhlutverkið í óperunni Tosca í uppfærslu Þjóðleikhússins og var það jafnframt hennar fyrsta óperuhlutverk á sviði. Hún söng það hlutverk aftur á fjöllum Íslensku Óperunnar starfsárið 2005-2006. Elín Ósk hefur sungið fjölda mörg óperuhlutverk innanlands sem erlendis og fengið fjölda viðurkennina og tilnefningar fyrir list sína. Fyrir hlutverk Lady Macbeth í uppfærslu Íslensku Óperunnar á óperunni Macbeth eftir Verdi árið 2003. Hún var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem besti flytjandi ársins í flokki sígildrar tónlistar og fékk frábært lof gagnrýnanda fyrir túlkun sína á því hlutverki í virtasta óperublaði Evrópu "Opera Now". Áður hefur Elín verið tilnefnd til tónlistarverðalauna en það var árið 1995 fyrir hlutverk Leonoru í Á Valdi Örlaganna eftir Verdi. Árið 2003 hlaut Elín viðurkenningu Sverrisdags í Hafnarborg fyrir framlag til menningar og lista í Hafnarfirði og árið 2006 var hún útnefnd sem Bæjarlistamaður Hafnarfjarðar. Í janúar 2009 hlaut Elín Ósk riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu. Auk þess að starfa sem einsöngvari hefur Elín Ósk stjórnað fjölda kóra. Hún stofnaði Söngsveit Hafnarfjarðar, Óperukór Hafnarfjarðar og stjórnaði þeim kórnum um árabil. Hún stofnaði og stjórnar nú Kvennakórnum „Rósirnar“.

Péter Maté - píanóleikari

Péter Maté er af ungversku bergi brotinn. Hann er fæddur í Tékkóslóvakíu, útskrifaðist úr Tónlistarháskólanum í Prag 1987 en hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 1990. Hann starfar nú sem fagstjóri við Listaháskóla Íslands og píanókennari við Tónlistarskólann í Reykjavík. Sem gestakennari hefur hann heimsótt ýmsa tónlistarháskóla erlendis, td. Konunglegu Akademiunar í Stokkhólmi og Osló, háskólan í Jyväskylä og Kuopio, Graz, Chicago, Poznan, Kristiansand ofl. Peter hefur haldið einleikstónleika, leikið einleik með ýmsum sinfóníuhljómsveitum og tekið þátt í kammertónleikum víða í Evrópu og Bandaríkjunum.

Glódís Margrét Guðmundsdóttir - píanó

Glódís Margrét Guðmundsdóttir hóf píanónám 8 ára hjá Önnu Magnúsdóttur við Tónlistarskóla Rangæinga. Hún lærði fyrstu tvö árin hjá Önnu en fór svo til Hédi Maróti og tók burtfararpróf frá skólanum undir hennar leiðsögn árið 2010. Þaðan fór hún beint í Listaháskóla Íslands og útskrifaðist með B. Mus. gráðu í klassískum píanóleik vorið 2014 með hæstu einkunn fyrir lokatónleika sína. Í námi sínu þar naut hún leiðsagnar Peters Máté og Nínu Margrétar Grímsdóttur en sótti einnig masterklassa hjá meðal annars Halldóri Haraldssyni, Albert Mamriev og Víkingi Heiðari Ólafssyni. Glódís hefur starfað við afleysingakennslu í Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónlistarskóla Kópavogs en starfaði sem kennari og undirleikari við Tónlistarskóla Árnesinga síðasta vetur. Einnig hefur hún verið undirleikari með fjölmörgum kórum og lært kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Glódís hefur tekið þátt í fjölmörgum tónlistarhátíðum og má meðal annars nefna Casalmaggiore Music Festival á Ítalíu, Píanókeppni Norðurlandanna í Danmörku og Alþjóðlegu Tónlistarakadémiuna í Hörpu.

Sara Mjöll Magnúsdóttir - jazzpíanó

Sara lærði á píanó í Tónlistarskóla Rangæinga hjá Hédi Maróti lengst af og lauk þaðan miðprófi í klassískum píanóleik. Þaðan lá leiðin til Reykjavíkur þar sem hún hóf nám í jazzpíanóleik við Tónlistarskóla FÍH þar sem hún hefur lært meðal annars hjá Eyþóri Gunnarssyni og Sigurði Flosasyni. Hún lauk framhaldsprófi við skólann í vor ásamt kennaraprófi og undirbýr burtfarartónleika þaðan vorið 2017.

Sara hefur spilað í ýmsum hljómsveitum og verkefnum síðustu ár, spilað með Stórsveit FÍH og komið fram á jazzhátíðum bæði á Austurlandi og í Reykjavík. Sara kennir á píanó við Tónsali í Kópavogi.

Kennarar og tónlistarfólk sem starfar við Tónlistarskóla Rangæinga

Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir - kennir söng og á píanó. Kennir tónfræði og er með umsjón með rypmísku samspil á Hvolsvelli.

Aðalheiður stundaði tónlistarnám lengst af við Tónlistarskóla Kópavogs undir handleiðslu Önnu Júlíönu Sveinsdóttur. Þaðan flutti hún til Svíþjóðar og nam þar söng í einkatímum sem og stjórnaði m.a. Íslendingakór í Stokkhólmi. Kom heim og stundaði nám í Listaháskóla Íslands, útskrifaðist með BA í Tónlistarkennslufræði og með tónlistarkennararéttindi og varði síðar tveimur árum í söngkennararéttindanámi við Söngskólann í Reykjavík. Hún hefur tekið þátt í þó nokkrum masterclössum og námskeiðum í söng og skapandi tónlistarmiðlun. Hefur sungið í kórum til fjölda ára, síðast söng hún með Kór íslensku óperunnar og tók m.a. þátt í uppfærslunum Brottnámið úr Kvennabúrinu sem og Cavalleria Rusticana og Pagliacci. Aðalheiður hefur reynslu af popptónlist, hljómsveitarvinnu og komið víðsvegar fram. Þá hefur hún lengst af kennt tónmennt, stjórnað barnakórum, sett upp söngleikjasýningar og kennt forskóla. Í dag starfar hún sem söng- og píanókennari auk annarra greina í Tónlistarskóla Rangæinga.

Chrissie Telma Guðmundsdóttir - kennir á fiðlu, kennir í forskóla og stjórnar strengjasveit skólans. Fiðluleikarinn Chrissie Telma Guðmundsdóttir er fædd og uppalin á Íslandi. Hún útskrifaðist með Diploma gráðu frá Listaháskóla Íslands árið 2012 undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur. Tveimur árum seinna útskrifaðist hún með B.Mus gráðu í fiðluleik frá Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Auðar Hafsteinsdóttur. Eftir útskrift flutti hún til Arizona sem Fulbright styrkþegi Íslands og útskrifaðist með meistarágráðu í fiðluleik frá Arizona State University undir handleiðslu Prof. Danwen Jiang í maí 2016. Chrissie lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2012 og Sinfóníuhljómsveit

Áhugamanna árið 2016. Hún keppti einnig í einleikarakeppni Arizona State University haustið 2015 og hlaut þriðja sætið. Chrissie flutti aftur heim til Íslands í maí sl. og starfar nú sem fiðlukennari og forskólakennari við Tónlistarskóla Rangæinga. Á dögnum fór hún til Arizona og sat í dómnefnd við val á Fulbright styrkþegum í Bandaríkjunum fyrir árið 2017. Framundan eru tónleikaferðir um Ísland næsta sumar, Evrópu og N-Ameríku.

Grétar Geirsson - kennir á harmóníku og í forskóla.

Grétar byrjaði að læra á harmoníku 12 ára hjá Bjarna Böðvarssyni í tvo til þrjá vetur. Fór að spila í skólahljómsveitum eftir fermingu. Fór í harmoníkunám hjá Georg Kúlpi í tvo vetur og hefur sótt námskeið hjá Renso Ruggeri og Lars Holm sem eru þekktir harmoníkuleikarar. Einnig í orgelleik hjá Glúmi Gylfasyni. Hefur leikið með ýmsum danshljómsveitum t.d. Hljómsveit Baldurs Kristjánssonar, Aage Lorange, Kátum félögum en lengst með Hljómsveit Óskars Guðmundssonar frá Selfossi. Hefur leikið inn á nokkrar hljómplötur og geisladiska, t.a.m. með Hljómsveit Guðjóns Matthíassonar, Árnescórnum, Karlakór Selfoss, Karlakór Rangæinga, Harmoníkufélagi Rangæinga og fleirum. Jafnframt hefur hann kennt samhlíða búskap í Tónlistarskóla Rangæinga frá 1980 í stundakennslu.

Guðjón Halldór Óskarsson - kennir á píanó og sér um undirleik hljóðfæra- og söngnemenda.

Hann hóf píanónám 8. ára gamall í Tónlistarskóla Rangæinga undir handleiðslu Friðriks Guðna Þórléifssonar og lauk þaðan 5. stigi og hélt sína fyrstu einleikstónleika í Hvolnum 15. ára. Hann hóf orgelnám í Tónskóla Þjóðkirkjunnar 1989. Fyrst hjá Erni Falkner, svo Dr. Orthulf Prunner og lauk 8. stigi á pípuorgel undir handleiðslu Harðar Áskelssonar 1996. Guðjón Halldór lauk framhaldsprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla Rangæinga undir handleiðslu Hédi Maróti árið 2007 og Kirkjuorganistaprófi veturinn 2012-2013. Hann hefur starfað sem tónlistarkennari við Tónlistarskóla Rangæinga frá árinu 1998. Þar kennir á píanó og orgel og sinnir undirleik hjá hljóðfæra- og söngnemendum. Guðjón Halldór hefur rstarfað sem organisti í Rangárvallasýslu síðan 1991 og er nú starfandi organisti við 7. Kirkjur. Hann hefur stjórnað fjölda kóra svo sem Eldri félögum í Karlakór Reykjavíkur, Kvinnakór Hafnarfjarðar, Kór Eldri Þrasta 1994-2014 og Samkór Rangæinga 1995-2004. Hann stofnaði Barnakór Oddakirkju 1995. Guðjón Halldór hefur stjórnað Karlakór Rangæinga síðan 1996 og Sönghópnum Öðlingum síðan 1998þ Einnig Kammerkór Rangæinga og Kirkjukór Breiðabólstaðarprestakalls.

Guðrún Markúsdóttir - kennir á píanó, suzukipíanó og fiðlu.

Guðrún stundaði nám við Tónlistarskóla Rangæinga fyrst hjá Guðmundi Jónssyni, en síðan hjá Sigríði Sigurðardóttur og Friðrik Guðna Þórléifssyni. Eftir það lá leiðin til Reykjavíkur og hún lauk 6. stigi í píanóleik frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar árið 1981. Kennari var Sveinbjörg Vilhjámsdóttir. Um það leyti hóf hún einnig nám á fiðlu og lauk jafnframt stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík. Ári seinna var tónlistarnámið lagt á hilluna en þráðurinn tekinn upp aftur 10 árum seinna í Rangárpíngi hjá Agnesi Löve. Guðrún hóf kennslu við Tónlistarskóla Rangæinga árið 1993, fyrst á píanó, en síðan einnig á fiðlu. Hún lauk 7. stigi á píanóið hjá Agnesi og 3. stigi á fiðlu undir leiðsögn Ásdísar Þorsteinsdóttur Stross. Ásdís var þá í þjálfun sem Suzuki kennari, og kynnti þá aðferð fyrir Rangæingum. Guðrún sagði upp starfi sínu hjá Tónlistarskólanum árið 2006 og hóf þá að kynna sér móðurmálsaðferðina að hætti Suzukis. Hún var með nemendur í einkakennslu og lauk fyrstu tveimur stigum í réttindanámi í Suzukikennslu á því tímabili. Árið 2015 hóf hún aftur störf við Tónlistarskóla Rangæinga og nú sem Suzuki kennari á píanó, en er einnig með fiðlunemendur. Guðrún hefur einnig kennt á píanó við Tónlistarskóla Árnesinga síðustu ár. Hún stefnir á að ljúka 3. stigi í Suzuki réttindanáminu í vor.

Jens Sigurðsson - kennir á gítar og í forskóla.

Jens Sigurðsson lauk framhaldsprófi í klassískum gítarleik frá Tónlistarskóla Árnesinga hjá Birgit Myschi 2014. Hann hefur kennt á gítar við Tónlistarskóla Rangæinga frá árinu 2000. Jens hefur komið víða við í spilamennsku og hefur gefið út 3 geisladiska með hljómsveit sinni, Hjónabandinu þar sem flutt eru frumsamin lög og textar eftir meðlimi bandsins. Jens er liðtækur iðnaðarmaður. Er menntaður renni-smiður og kjötiðnaðarmaður.

Kristín Jóhanna Dudaik Glúmsdóttir - kennir á blokkflautu og í forskóla.

Kristín lærði að leika á blokkflautu á yngri árum. Fyrst í Tónlistarskóla Árnesinga og síðar í einkatímum. Hún lærði viðskiptafræði og vann ýmis skrifstofustörf áður en leiðin lá í leikskólann, þar sem hún vann síðastliðinn áratug. Auk þess að kenna á blokkflautu þá er hún að ljúka framhaldsprófi í blokkflautuleik nú um þessar mundir og hefur jafnframt hafið blokkflautukennaranám eftir Suzuki aðferðinni.

Laima Jakaite - kennir á píanó.

Laima Jakaite stundaði nám við Barnatónlistarskólann Tónlistarháskóla Telšiai í Lýðveldinu Litháen frá 1978 og útskrifaðist þaðan úr píanónámi árið 1986. Árið 2001 á Telšiai Hún lauk framhaldsmenntun í kennslufræði tónlistar árið 2001 frá sama skóla með réttindi sem tónmenntakennari og í kennslu tónlistarhópa. Frá árinu 2003 stundaði hún nám við Tónlistarháskólann Šiauliai og lauk þaðan BA prófi í tónlist. Hún lauk prófi í BA prófi kennslufræði tónlistar með kennsluréttindi árið 2007. Frá 2002 starfaði Laima sem tónlistarkennari í leikskóla og sem tónlistarstjóri Menningarhússins í Ubiškė í Litháen. Frá 2002-2005 starfaði hún sem tónlistarstjóri við Degaičiai Þjóðmenningarmiðstöðina í Litháen og frá 2005 var hún framkvæmdarstjóri þjóðmenningarmiðstöðvarinnar. Laima flutti til Íslands árið 2007. Hún hefur starfað sem tónlistarkennari við Tónlistarskóla Rangæinga frá árinu 2014.

Marianna Másdóttir - kennir á þverflautu og kennir í forskóla.

Marianna hefur kennt við Tónlistarskóla Rangæinga síðan 1998. Hún hefur aðallega kennt á þverflautu en einnig söng. Marianna stundaði nám á þverflautu við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem hún tók framhaldspróf í þverflautuleik. Tók hún líka sjötta stig í söng við Söngskóla Reykjavíkur. Marianna byrjaði snemma að syngja og spila opinberlega og hefur komið fram við hina ýmsu viðburði. Hún stjórnaði Gospelkór Suðurlands og Kvinnakórnum Ljósbrá frá árunum 2009-2015. Marianna gaf út sinn fyrsta sóló geisladisk, Aldrei ein í nóv. 2015. Einnig hefur hún verið tónlistarstjóri í Hvítasunnukirkjunni Kirkjulækjarkoti um árabil.

Sigurgeir Skafti Flosason - kennir á rafbassa, rafgítar og sér um rafmagnað samspil á Hellu. Hann hefur frá unglingsárum leikið á bassa. Byrjaði að fíkra sig áfram sjálfur en fór fljótt að læra á gítar hjá Guðmundi Benediktssyni. Þaðan lá leiðin í Tónsmiðju Suðurlands á bassa og árið eftir í Tónlistarskóla Árnesinga á kontrabassa. Nokkru seinna hófst nám við Tónlistarskóla FÍH og er stefnt á útskrift þaðan í vor. Einnig var eitt ár tekið á píanó við Tónlistarskóla Árnesinga sem smá útdúrd. Sigurgeir lauk kennaradeild TFÍH sl. vor. Hann hefur tekið þátt í hinum ýmsu verkefnum. Má þar nefna góðan árangur í músiktilraunum árið 2010 (Hljómsveit Fólksins og 3.sæti) auk þátttöku í útgáfu plötu hljómsveitarinnar SamSam. Sigurgeir hefur spilað inná talsvert af efni í studio sem hefur hlotið góða spilun á ljósvakamiðlum landsins. Ballhljómsveitirnar hafa skipað talsverðan sess hjá honum, enda spilað á böllum frá fimmtán ára aldri og síðustu ár með þeirri sveit sem er hvað þekktust - Stuðlabandið.



Skúli Gíslason - kennir á trommur.

Byrjaði að spila á trommur 2003 13 ára gamall. Byrjaði að spila með ýmsum bílskúrsböndum ári síðar og hefur síðan þá spilað á óteljandi sveittum roktónleikum úti í bæ. Trommari Músíktilrauna 2010, ásamt verðlaunum fyrir 3ja sæti og Hljómsveit Fólksins. Styrkþegi Tónlistarskóla FÍH 2015-16. Útskrifaðist úr TFÍH vorið 2016. Er virkur meðlimur í fjölmörgum hljómsveitum, mest á sviði rokks og djass.

Þórunn Elfa Stefánsdóttir - kennir einsöng, tónfræðigreinar og tónlistarsögu.

Þórunn Elfa Stefánsdóttir sópran stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík og lauk þaðan bæði burtfararprófi í söng og söngkennaraprófi. Hún stundaði einnig söngnám í Stuttgart í Þýskalandi og í Salzburg í Austurríki og lauk svo meistaraþráðu í söng og söngkennslu frá Westminster Choir College í New Jersey í Bandaríkjunum. Þórunn var meðlimur í kór íslensku óperunnar um tíma og hefur auk þess tekið þátt í ýmsum uppfærslum eins og Grease á Hótel Íslandi, Töfraflautunni í lðnó, óperusenum í Svarfaðardal og Lofer í Austurríki. Einnig hefur hún komið fram á ýmsum tónleikum og má þar nefna einsöngstónleika í Snorrabúð í Reykjavík, Stokkalæk, Princeton og Honesdale í Bandaríkjunum. Að auki hefur Þórunn einnig verið liðtæk leikkona og tekið þátt í uppfærslum leikfélags Rangæinga. Þórunn Elfa hefur starfað hjá Tónlistarskóla Rangæinga frá 2009 og kennir þar söng, tónfræði, hljómfræði, tónlistarsögu og samsöng.

Ulle Hahndorf - kennir á selló, píanó, fiðlu og stjórna strengjasveit skólans.

Ulle er fædd í Tartu í Eistlandi. Hún stundaði nám í sellóleik við Tónlistarháskólann í Tallin, þaðan sem hún lauk mastersprófi í sellóleik 1982 og framhaldspróf í Tónlistarháskólanum Gnëssin í Moskvu. Ulle spilaði með hljómsveit eistnesku Þjóðaróperunnar í Tallin frá 1980 - 1995. Frá 1995 - 2004 spilaði hún í eistnesku Ríkissinfóníuhljómsveitinni. Hún hefur einnig spilað með kammersveitum í Eistlandi og ferðast með óperum, hljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu og um Ameríku. Frá því Ulle kom til Íslands hefur hún leikið með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, komið fram sem einleikari og spilað með kammerhópum. Ulle hefur kennt á selló síðan árið 1980. Haustið 2004 hóf hún störf við Tónlistarskólann á Akureyri og Tónlistarskóla Eyjafjarðar. Hún starfar nú við Tónlistarskóla Árnesinga og Tónlistarskóla Rangæinga. Árið 2009 tók hún upp Solosvitur fyrir selló eftir J. S. Bach nr. 1 & 2 í Híðar-endakirkju. 2015 spilaði hún 1. Solosvitu Bachs í Selfosskirkju. Árið 2008 lauk hún 1. stigs Suzuki-kennaraprófi á fiðlu og haustið 2013 lauk hún Suzuki-selló-kennaraprófi.

Örlygur Benediktsson - kennir á klarínettu og saxófón.

Örlygur Benediktsson stundaði blásara- og tónsmíðanám við Tónlistarskólann í Reykjavík. Þaðan lá leiðin til Rússlands, þar sem hann lauk framhaldsnámi í tónsmíðum og kennslufræði við Ríkiskonservatoríð í St. Pétursborg árið 2003. Síðan hefur Örlygur sinnt kennslu við Tónlistarskóla Árnesinga, auk þess að starfa sjálfstætt við tónsmíðar, útsetningar, kórstjórn- og söng, auk margvíslegra hljóðfæraverkefna - m.a. sem félagi í Stórsveit Suðurlands, sálar-/rythmasveitinni Skjálftavaktinni og ballbandinu Blek & byttur. Tónverk hans hafa verið flutt víða hérlendis við fjölmörg tækifæri, m.a. á Myrkum músikdögum, auk ýmissa tónleika og listahátíða á Norðurlöndunum, Þýskalandi, Englandi, Rússlandi og Eystrasaltslöndunum.

